



Reykjavíkurborg
Borgarlögmaður

Alþingi
Erindi nr. P 139/1023
komudagur 20.12.2010

Reykjavík, 20. desember 2010

R10120012

5214-0

KSt/ás

Viðskiptanefnd Alþingis -
Nefndasvið Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur o.fl. (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn), 87. mál.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur og fleiri lögum, 87. mál. Í frumvarpinu felst að formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur skuli ekki taka að sér önnur störf fyrir fyrirtækið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig. Jafnframt að í stjórn fyrirtækisins skuli kynjahlutföll vera jöfn. Þótt viðskiptanefnd Alþingis hafi ekki talið tilefni til að óska umsagnar Reykjavíkurborgar eða annarra eigenda fyrirtækisins eða fyrirtækisins sjálfs um frumvarpið telur undirrituð f.h. Reykjavíkurborgar engu að síður tilefni til að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Almennt um frumvarpið

Gerð er alvarleg athugasemd við það að hvorki hafi verið óskað umsagnar eigenda Orkuveitu Reykjavíkur, þ.e. Reykjavíkurborgar, Akranesbæjar og Borgarbyggðar né Orkuveitu Reykjavíkur, um frumvarp sem varðar fyrirtækið. Verður það í raun að teljast með ólíkindum að lagt skuli fram frumvarp sem varðar beinlínis verkskiptingu og umboð stjórnarformanns með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir án þess að Alþingi hafi þótt svo mikið sem tilefni til að heyra sjónarmið eigenda fyrirtækisins eða fyrirtækisins sjálfs.

Síðustu vikur hafa eigendur Orkuveitu Reykjavíkur unnið að viðamikilli stefnumörkun fyrir fyrirtækið. Er sú vinna langt komin og tekur m.a. á hlutverki og stöðu formanns stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Er líklegt að af þeirri stefnumörkun leiði að breyta þurfi lögum um Orkuveitu Reykjavíkur. Verður ekki séð að svo brýnt sé að kveða á um hlutverk formanns þessa sameignarfyrirtækis í lögum að ekki sé unnt að gefa eigendum Orkuveitu Reykjavíkur færi á að ljúka sinni vinnu.

Þess utan er rétt að það komi fram að engin hefð er fyrir því að formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur sé „starfandi stjórnarformaður“. Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur, sem haldinn var 25. júní sl. samþykkti að stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur skyldi vera í fullu starfi tímabundið meðan lagt yrði vandað mat á aðstæður og ýtt úr vör nauðsynlegum breytingum í samstarfi við starfsfólk Orkuveitunnar. Í því felst ekki að stjórnarformanninum hafi verið falin önnur störf en þau sem teljist eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformaður, heldur að gert sé ráð fyrir að á þeim erfiðu tímamótum sem Orkuveitan stendur á, sé hlutverk stjórnarformanns svo viðamikið og krefjandi að rétt sé að það teljist fullt starf kjaralega séð. Um tímabundna ráðstöfun er að ræða sem gilda mun fram að næsta aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur 2011. Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu breytir engu um heimild eigenda Orkuveitunnar til slíkrar ákvarðanatöku.

Hvað varðar þann hluta frumvarpsins þar sem kveðið er á um að hlutföll kynja í stjórn Orkuveitunnar skuli vera jöfn þá skal það upplýst að stjórn fyrirtækisins er skipuð þremur körlum og þremur konum. Skipan varafulltrúa er með sama hætti.

Eins og áður er getið er vinna eigenda við mörkun eigendastefnu fyrir fyrirtækið langt komin. Þess er óskað að eigendum verði gefið ráðrúm til að ljúka þeirri vinnu. Í framhaldinu verði tekin afstaða til þess hvort þörf sé á því að breyta lögum um fyrirtækið og þá í samráði og samstarfi við eigendur og stjórn fyrirtækisins.



Kristbjörg Stephensen,
borgarlögmaður